


Menning

Menning

Menning

Menning



1) Vulkan, 1983.

Ásgerður Búadóttir að Kjarvalsstöðum

Ásgerður Búadóttir er löngu orðin þekkt og viðurkennd veflistarkona hér á landi. Hún hefur nú staðið við vefstólinn í rúmlega þrjátíu ár og ofið myndir sem í fyrstu tóku fjarlægð mið af hlutveruleikanum: listakonan einfaldaði náttúruleg fyrirbæri í sína frumdrætti. Seinna hvarf öll náttúruvísun úr verkum listakonunnar og myndverkið varð

myndheimur fullkomlega sjálfum sér nógur.


Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Lóðrétt og lárétt?

Á sýningunni, sem nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum, gefur að líta form-skrift sem listakonan hefur verið að þroska síðastliðin tíu ár eða allt frá því er hún innleiddi í vefinn hreyfiformið sem gengur blæbrigðaríkt í gegnum flest verk listakonunnar og virðist í sífelli vilja afneita hinu lóðréttu og láréttu eðli vefsins.

Með nokkurri einföldun getum við sagt að formrænt séð grundvallist flest verk Ásgerðar á andstöðum kröftum; lóðréttum og láréttum. Flestar myndirnar eru ferhyrðar og oft er ferhyrningurinn endurtekinn inni á myndfletinum eins og nokkurs konar mynd í myndinni (sjá t.d. Eldland frá árinu 1981). En þessum jafnvægisformum og kyrrstöðu öflum er þó ávallt ögrað með hreyfilinum, mjúku flæði sem nær þó aldrei að renna yfir myndflötinn því streymið er ávallt brotið upp með lóðréttum línum sem gera það að verkum að áhorfandinn tengir myndina aftur við flötinn sem stjórnað er af hinum lóðréttu og láréttu kröftum. Þannig hvarflar lestur áhorfandans í sífelli frá hreyfingu til kyrrstöðu og frá kyrrstöðu til hreyfingar.



2) Eldland 11, 1984. Ljósm. GBK


Trésmiðir & smíðakennarar



220

Sambyggður
afréttari og
þykktarhefill
250x1680 mm og
250x220 mm 1 fasa
til afgreiðslu strax.

Rennibekkir



Til á lager

Stærð: 450 x 1000 mm.

Gegnumborun 52 mm — motor 7,5 hö.

Tvískipt verk


Þá kynnumst við einnig verkum þar sem listakonan skiptir myndinni í tvo hluta: annars vegar er það ferhyrningur með bylgjuformum og hins vegar hringform. Eins og fram kemur í verkinu Sfinx, frá árinu 1984, á listakonan í greinilegum erfiðleikum með að binda saman myndverkið í eina formræna heild. Sérhver myndhluti virkar sjálfstæður og áhorfandinn á erfitt með að skynja eina formræna sögn. Listakonan kemur því mun sterkar út úr þeim verkum þar sem formin snúast um ákveðinn myndkjarna, eins og í verkinu Vulkan frá 1983. Þar gefur að líta samsetningu sem bundin er saman af reynslu og þekkingu.

Pröngt svið

Þegar lítið er til baka sjáum við að list Ásgerðar hefur tekið litlum breytingum á síðastliðnum tíu árum. Hún vinnur afar pröngt og virðist þrautreynd alla formræna möguleika sem leynast í þessu myndmáli. Því greinilegt er að myndverk Ásgerðar fjalla fyrst og fremst um form og litbrigði en öll efnisvirkni verður að teljast einkar hæversk.


Ásgerður Búadóttir er ein af eftirtekarverðustu veflistarkonum hér á landi og hefur henni tekist á síðastliðnum árum að skapa sér einkar persónulega sögn í list sinni.

GBK



Hinar vinsælu
De Walt bútsagir

til afgreiðslu strax



Rennibekkir 200 x 480 mm

til afgreiðslu strax

GP Þorsteinsson
& Johnson hf.
ÁRMÚLI 1 105 REYKJAVÍK SÍMI 91-685533

K
TILBOÐ

KINDABJUGU 180⁰⁰ 97⁰⁰
KINDAKÆFA 194⁰⁰ 114⁰⁰
OVERSLUN ER Þegar bót